



## Landbúnaðarnefnd Blönduóssbæjar FUNDUR – 8. ágúst 2005

Fundur haldinn í landbúnaðarnefnd þriðjudaginn 8. ágúst 2006 kl. 13:00 á bæjarskrifstofu. Mæting samkvæmt undirskriftum.

### Dagskrá og afgreiðslur:

#### 1. Verkaskipting stjórnar.

*Tillaga kom um Gauta Jónsson sem formann landbúnaðarnefndar og fjallskilastjóra. Samþykkt samhljóða. Jafnframt samþykkti fundurinn að Anna Margrét gegni stöðu ritara.*

#### 2. Hrossasmölun á Laxárdal.

*Hrossasmölun og stóðhestaréttir verða 16. og 17. september. Ákveðið að kalla saman hagsmunaaðila í ferðaþjónustu til fundar til að skipuleggja helgina nánar.*

#### 3. Úttekt á Skrapatungurétt.

*Lagt fram svarbréf frá oddvita Skagabyggðar dags. 15. júní sl. þar sem lagt er til að Magnús Björnsson verði fulltrúi Skagabyggðar í úttektarnefnd á réttinni. Samþykkt samhljóða að formaður, Gauti Jónsson skipi úttektarnefnd f.h. Blönduóssbæjar.*

#### 4. Önnur mál.

**a. Göngur 2006** hafa verið ákveðnar eftirfarandi daga:

- Fyrstu göngur: 9. - 10. september.
- Seinni göngur: 16. - 17. september.
- Eftirleit: 23. - 24. september.
- Hreppaskil: 7. eða 8. október.

**b. Girðingarmál.** Töluverðar umræður urðu um girðingarmál og lausagöngu búfjár og hrossa í sveitarfélaginu. Ákveðið að senda formlegt erindi til Vegagerðarinnar og óska eftir samstarfi um girðingarmál.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 14:00.

Gauti Jónsson (sign.)  
Anna Margrét Jónsdóttir (sign.)  
Þórður Pálsson (sign.)

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)